Fylgiskjal 3

22. nóvember 2000

Helga Aðalgeirsdóttir
Vegagerðin
Miðhúsavegi 1
600 Akureyri

**Efni: Hringvegur um Norðurárdal í Akrahreppi í Skagafjarðarsýslu.**

Athugasemdir:

Bls. 11
„Mat á umhverfisáhrifum"
Ég undirritaður leyfi mér að benda á að á Egilsá er mikill húsakostur og vel við haldið. Auk íbúðarhúss eiganda er húsrými 375 $m^2$, var fyrrum barnaheimili, næstu 10 ár leigt til reksturs skólaheimilis fyrir þroskahefta, nú autt. Vegna núverandi samgangna er erfitt, jafnvel ómögulegt að stunda ýmislegan atvinnurekstur á Egilsá, t.d. akstur, jafnvel gistiheimili ofl. Einnig legg ég mjög ríka áherslu á að Fremri-Kotum verði komið í ásættanlegt vegasamband (þar býr nú atvinnubílstjóri sem einnig hefur skólakeyrslu á hendi).

Virðingarfyllst,